

um löggjöf varðandi laun úr ríkissjóði til skálda og listamanna.

Flm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn á því, hversu bezt megi koma fyrir fjárstuðningi af almannafé til handa skáldum, rithöfundum og listamönnum.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur ríkissjóður Íslands veitt tiltölulega miklu meira fé sem laun fyrir óákveðna vinnu skálda, rithöfunda og listamanna heldur en aðrar skyldar þjófdir. Voru slíkir menn komnir í tugatali á það, sem þeir kölluðu lífstíðarlaun á 18. gr. fjárlaganna. Var þar margt merkra manna, en hin síðari ár var sótt fast á með pólitískum áróðri að koma nýjum og lítt reyndum mönnum í þessa embættisstétt skálda og listamanna.

Saga þessa máls er orðin nokkuð löng. Þegar Matthías Jochumsson var orðinn aldraður maður og hafði lengi verið viðurkenndur sem eitt af höfuðskáldum þjóðarinnar, voru honum veitt nokkur skáldalaun. Síðan leið alllangur tími, þar til er þingið tók að heiðra á sama hátt Þorstein Erlingsson, Einar Kvaran og Jón Trausta. Um alla þessa menn má segja hið sama, að þeir höfðu í verki sýnt mikla yfirburði og gert þjóðinni sæmd og gagn með verkum sínum.

Eftir fyrra heimsstríðið tók mjög að aukast ásókn manna að feta að þessu leyti í slóð hinna fjögurra miklu skálda. Í fylgd með allmörgum ágætum mönnum komu nú á 18. gr. ýmsir liðléttingar, sem litla verðleika höfðu á þessum vettvangi. Varð þetta til þess, að Alþingi afréð að koma nokkru skipulagi á þessi mál og fól menntamálaráði að skipta í þessu skyni tiltekinni fjárhæð. Menntamálaráð vann að þessu um stund og kom á talsverðum jöfnuði og yfirsýn í málinu. Höfuðsnillingur eins og Kjarval kom nú í rétt sæti með sínum líkum. Kamban og Gunnari Gunnarssyni var ekki gleymt, þó að þeir bæðu ekki um laun, og snjöll ljóðskáld eins og Tómas Guðmundsson og Magnús Stefánsson fengu réttmætari viðurkenningu verka sinna en áður var. Eru hér tekin fá dæmi af mörgum af sama tagi. Skipting menntamálaráðs var vinsæl nema hjá kommúnistum. Þeir höfðu þá þegar mikinn áhuga á að koma sem flestum flokksmönnum sínum á ríkislaun á þennan hátt. Menntamálaráð taldi vafasamt, hvort rétt væri að verðlauna með miklu fé niðrit um íslenskum framleiðendur. Einn af rithöfundum kommúnista lýsti íslenskum útvegsmönnum þannig, að þeir lékju sér að því að sökkva skipum með allri áhöfn, væru dauðadrukknir og viti sinu fjær, með barsmiðar og meira og minna hegningarvert athæfi í daglegri framkomu. Var þessum skeytum sérstaklega beint að þeim stjórnmalaflokki, þar sem mest er um útvegsmenn, og greinilega sveigt að einstökum mönnum og ættum, sem kommúnistar töldu sig eiga sökótt við. Síðan sneri sami höfundur sér að sveitaþændum landsins og hefur lýst þeim með meira fúllyndi en nokkur annar rithöfundur, síðan Blefken sálugi var á ferðinni. Auk þess ritaði þessi sami höfundur svo auðmjúka og sykursæta lýsingu á pólitík og framkvæmdum tiltekinna útlendrar einræðisstjórnar, að naumast var hægt að gera ráð fyrir öðru en höfundur þessara bóka væri beinlínis fastráðinn starfsmaður útbreiðslustofnana þessa stórveldis.

Menn geta láð menntamálaráði, ef þeim þykir það við eiga, að það taldi þessar bókmenntir ekki verðar hárra launa af íslensku ríkisfé. Höfundur sá, sem hér átti hlut að máli, neitaði þá að taka á móti því fé, sem honum var úthlutað. Var því í það sinn skipt milli annarra listamanna. Kommúnistar héldu áfram á hinni upprunalegu, flokkslegu fjárkröfuleið. Buðu þeir nú hverjum, sem vildi, að koma í sérstakt kaupkröfufélag andans manna. Margir myndarlegir menn, þar á meðal Gunnar Gunnarsson, gengu í félagið og hugðu, að engin vélræði biðu þeirra. Til þess að stækka félagið voru ýmsir teknir með, sem aldrei höfðu komið nær listum og skáldskap en kötturinn Sjöstirninnu. Í fyrra haust lögðu kommúnistar síðan fram frv., sem átti að tryggja þeim gegnum „bandalagið“, sem þeir réðu yfir, alla meðferð ríkisfjár til skálda og listamanna. Auk þess lýsti einn af þingmönnum kommúnista því yfir á Alþingi, að hæsta hugsjón sin og féлага sinna í þessu efni væri, að skáld og listamenn skiptu sjálfir milli sín umræddu ríkisframlagi.

Bandalagið stóð í opinberri styrjöld við menntamálaráð og Alþingi um þessi mál. Fjárveitinganefnd tók þá það ráð að gefa bandalaginu tækifæri til að sýna mátt sinn í þessu efni. Skyldi það í eitt sinn skipta fénu milli félagsbræðra sinna.

Sú tilraun heppnaðist miður vel. Þegar til kom, treystu sumar félagsdeildir bandalagsins sér ekki til að skipta og kvöddu til óviðkomandi menn, en þó jafnan með þeim hætti, að kommúnistar höfðu undirtökin. Í stærstu deildunum, hjá skáldum og málurum, þar sem mestu var að skipta og kommúnistar létu mest til sín taka, var hver höndin móti annarri og allt í sundrung og vonzku innbyrðis. Eftir marga mánuði var skiptingu þó lokið. Höfðu kommúnistar farið með ríkisféð eins og væri það flokkssjóður. Bættu þeir stórlega aðstöðu sinna flokksmanna, en settu menn úr öðrum flokkum eða þá, er hlutlausir voru, ýmist beinlínis eða óbeinlínis niður úr öllu valdi. Þannig framkvæmdu kommúnistar stórfellda lækkun á Ásgrími, Kjarval, Ríkarði og Jóni Stefánssyni til að geta komið á ríkislaun kommúnistum, sem ekki geta fengið fólk til að horfa á myndir sínar.

Hliðstæða meðferð fengu á vegum skáldanna Davíð, Guðm. Friðjónsson, Gunnar, Hagalín, Kamban, Sigurður Jónsson, Kristmann og Tómas. Gunnar Gunnarsson gekk úr bandalaginu, og nálega öllum hinum betri mönnum í félagsskapnum var nú ljóst, að þeir höfðu verið vélaðir og gínttir til framdráttar sérhagsmunum tiltekins stjórnmálaflokks.

Það var aldrei búizt við, að skipting ríkisfjár í bandalaginu mundi ganga svo vel, að sú aðferð yrði höfð nema einu sinni. Kommúnistar hafa nú sýnt, hvað þeir meina með forgöngu sinni í þessum efnunum. Nú er eftir að vita, hvort menn í öðrum þingflokkum telja viðeigandi að ofurselja alla þá, sem ekki eru kommúnistar, en fást við skáldskap og listir, gerræði þessa stjórnmálaflokks.

Við 2. umr. fjárlaganna legg ég til, að Alþingi skipti á 15. gr. nú í ár því fé, sem veitt er til skálda og listamanna. Legg ég þar fyrst til grundvallar fyrri skiptingu menntamálaráðs. En þar sem stjórnin mælir með, að meira fé sé veitt í þessu skyni, legg ég til, að rúmlega 20 af reyndustu og kunnustu listamönnum og skáldum fái í þetta sinn sérstaka uppbót, bæði vegna verðleika sinna og í viðurkenningarskyni fyrir, að þeim hafi verið gert rangt til af kommúnistum við úthlutun fjárins nú í ár. Ég álit heppilegt, að Alþingi skipti fénu milli manna á 15. gr. nú í ár og ef til vill meðan upplausn styrjaldarinnar varir. Þá getur hvert skáld og listamaður séð af atkvæðagreiðslu fjárlaganna, hversu löggjafarnir meta verk þeirra. Ef Alþingi vill nota skálda- og listamannalaun til framdráttar flokki kommúnista, þá kemur það berlega í ljós við atkvæðagreiðslu í þinginu.

En til frambúðar verður að koma festu og skynsamlegri yfirsýn í þessi mál. Það mun verða að finna nýjar leiðir til að tryggja það, að ríkið hætti að hafa á föstum launum aðra listamenn og skáld en þá, sem raunverulega feta í fótspor þeirra merku andans manna, sem Alþingi tók fyrsta á skáldalaun af almannafé.

Í því skyni, að ríkisstjórnin taki þetta mál til athugunar og hefji undirbúning heppilegrar löggjafar um laun úr ríkissjóði til skálda og listamanna, er tillaga þessi fram borin.